

Fimmtudaginn 9. maí 1985.

Nr. 19/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Einari Björgvini Sigfússyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 9. janúar 1985. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur ákærði komið fyrir dóm til skýrslugjafar svo og fjögur vitni.

Ákærði kom fyrir dóm 25. ágúst 1983, er málið var þingfest. Var honum þá kynnt ákæruskjal og afhent afrit þess og önnur málsöggn. Þá var honum veittur frestur til þess að ákveða, hvort hann óskaði eftir verjanda. Um sakarefnið var þetta eitt bókað eftir ákærða:

„Ákærði kveðst mótmæla ákærunni og ítrekar enn, að um nauðvörn hafi verið að ræða og kveðst ætla að halda uppi vörnum í málinu.“

Hinn 30. ágúst 1984 skipaði dómariinn ákærða verjanda, er skilaði vörn, sem lögð var fram á dómþingi 29. nóvember s.á. Var málið þá tekið til dóms, án þess að skýrsla hefði verið tekin af ákærða framar því, sem áður greinir, og án þess að nein sönnunargögn hefðu verið færð fram fyrir dómi í málinu. Var hér um að ræða brýnt brot á 2. mgr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976, sbr. ennfremur 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976, og var málið öldungis ódómhæft, er það var dómtekið og dæmt. Verður eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá þinghaldi 25. ágúst 1983 að telja og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, enda kemur fyrir eigi þótt ákærði og

vitni hafi komið fyrir dóm, eftir að héraðsdómur gekk.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, að meðtöldum ferðakostnaði, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá þinghaldi 25. ágúst 1983 að telja eru ómerkt, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 5. desember 1984.

I

Mál þetta, sem dómtekið var 29.11. 84, er höfðað af ákæruvaldinu með ákæruskjali, útgefnu 19. ágúst 1983, á hendur Einari Björgvini Sigfússyni, bónda, Efra-Skálateigi II, Norðfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu, fæddum þar 17. apríl 1942, „Fyrir líkamsárás, með því að hafa 20. janúar 1983 við dælustöð vatnsveitu Neskaupstaðar á Seláreyrum við Norðfjarðará í Norðfjarðarhreppi veist að Benedikt Sigurjónssyni, verkstjóra hjá Neskaupstaðarbæ með höggum og spörkum og valdið honum áverkum í andliti: bólgu yfir hæggra gagnauga, bólgu á efri vör vinstra megin, sem náði út á vinstri kinn, rispum á vinstri kinn og roða í slímhúð vinstra auga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10 gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist“.

— — —

Dóminn kvað upp Bjarni Stefánsson fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Einars Björgvins Sigfússonar, skal fresta og refsíákvörðun falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. maí 1985.

Nr. 145/1983. **Pétur Jónsson og**

Baldur Jónsson

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Straumi h/f

(Svala Thorlacius hrl.)

Áfrýjunarstefna. Frávísun.

Dómur Hæstarétts.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Guðmundur Sigurjónsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 3. ágúst 1983. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara er þess krafist, að þeim verði einungis gert að greiða stefnda 68.937,90 krónur. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsmeðferð í héraði er rakin í hinum áfrýjaða dómi. Fyrir héraðsdómara lágu ekki efniskröfur af hálfu áfrýjenda. Í áfrýjunarstefnu lýsa áfrýjendur dómkröfum sínum svo, að þeir krefjist þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði ... hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra í héraði verði teknar til greina og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti ...“. Með